

LÖG

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Sama gildir um húsnæði í skipulagðri frístundabyggð.

2. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Síðari málslíður 3. mgr. 1. gr. laganna raskar ekki skráningu lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem færð hefur verið í þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007 en ef viðkomandi einstaklingur eða fjölskylda hans flytur úr húsnæðinu fellur réttur til skráningar lögheimilis þar niður. Með fjölskyldu er átt við hjón, fólk í staðfestri samvist eða skráðri sambúð og ólöggráða börn þeirra.

II. KAFLI

Breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Á eftir orðskýringunni *Framkvæmdaleyfi* kemur ný orðskýring er hljóðar svo: *Frístundabyggð*: Svæði fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til fastrar búsetu.
- b. Á eftir orðinu „íbúðir“ í orðskýringunni *Landnotkun* kemur: frístundahús.

4. gr.

Á eftir orðinu „íbúðarbyggð“ í 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: frístundabyggð.

III. KAFLI

Gildistaka og lagaskil.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. laganna gildir þó ekki um afgreiðslu tilkynninga um flutning lögheimilis í húsnæði í skipulagðri frístundabyggð sem berast þjóðskrá fyrir 1. janúar 2007.

Gjört á Bessastöðum, 15. desember 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Magnús Stefánsson.